

1. Lækkun útmataðs afls frá Landsneti

- a) Fundnir eru 4 hæstu mánaðartoppar útmötunar frá Landsneti í afhendingarstað Landsnets sem virkjun tengist og reiknað meðaltal, A.
- b) Útbúin er ný tímaröð, sem er summa útmötunar frá Landsneti í afhendingarstað Landsnets (sbr a-lið) og mældrar vinnslu í virkjun, í hverri klst. fyrir sig. Ef fleiri en ein virkjun tengist þessum sama afhendingarstað um dreifikerfið skal tekin summa allra virkjananna. Fundnir eru 4 hæstu mánaðartoppar þessarar raðar og reiknað meðaltal þeirra, B.
- c) Heildarlækkun útmötunar frá Landsneti í viðkomandi afhendingarstað vegna virkjana er mismunurinn, B – A.
- d) Ef aðeins ein virkjun tengist viðkomandi afhendingarstað Landsnets er niðurstaða fengin um lækkun útmötunar vegna virkjunarinnar í c-lið. Ef virkjanir eru fleiri skulu þeir eiga hlut í lækkun útmötunar hver um sig í samræmi við hlutfall skv. e-lið.
- e) Hlutfall einstakra virkjana í heildarlækkun útmötunar á afhendingarstað skal reikna þannig:
 - i. Útbúa skal nýja tímaröð sem er summa útmötunar Landsnets og vinnslu í viðkomandi virkjun og nota í stað tímaraðar eins og lýst er í b-lið. Að öðru leyti skal reikna lækkun útmötunar vegna virkjunar eins og lýst er að ofan. Þetta skal reikna fyrir hverja virkjun.
 - ii. Finna skal samtölu á lækkun útmötunar skv. i) -lið fyrir allar virkjanir. Hlutfallstala virkjunar er þá hlutfall lækkunar skv. i)-lið af samtölunni.

2. Lækkun útmataðrar orku frá Landsneti

- a) Ef engin útmötun orku er frá dreifiveitu til Landsnets í afhendingarstað sem virkjun tengist skal lækkun útmötun orku frá Landsneti vegna virkjunar vera jöfn innmötun orku frá virkjun inn á dreifikerfi.
- b) Ef orka er útmötuð frá dreifiveitu til Landsnets skal lækkun útmataðrar orku frá Landsneti vegna virkjunar vera jöfn innmötun frá virkjun að frádreginni útmötun hennar til Landsnets, fyrir hverja klst. fyrir sig. Útmötun hennar til Landsnets er fundin skv. c-lið.
- c) Ef aðeins ein virkjun tengist viðkomandi afhendingarstað Landsnets skal útmötun hennar til Landsnets vera jöfn útmötun dreifiveitu til Landsnets. Ef fleiri virkjanir tengjast sama afhendingarstað um dreifikerfið skal hlutur hvorrar þeirra í útmötun til Landsnets vera í hlutfalli við vægi þeirra í heildarorkuvinnslu allra virkjananna. Reikna skal hlutfall og vægi fyrir hverja klst. fyrir sig.

3. Uppgjör milli aðila

Einingarverð afsl, orku og tapa skulu reiknuð sem hlutfall af gjaldskrárverðum Landsnets.

Hlutfallið skal reikna þannig:

Hlutfall Landsnets = 0 ef virkjun er < 1,42 MW

= 0,6 ef virkjun er > 3,1 – 10 MW

= 1 ef virkjun er > 10 MW

= (Málafli virkjunar í MW – 1,42) / 2,8 fyrir aðrar virkjanir

Hlutfall virkjunar = 1 ef virkjun er < 0,3 MW

= 0 ef virkjun er > 3,1 MW

= (3,1 - Málafli virkjunar í MW) / 2,8 fyrir aðrar virkjanir